

ÍMYNDUNARAFL OG SKÁLDÆÐ

Nokkur þekkingarauki

I

Ævisaga Guðmundar Hjaltasonar, er Samband U.M.F.Í. gaf út 1923, er ein sú bók, sem ég hefði ekki viljað án þess vera að lesa, og þótti mér leitt, að ég skyldi engin kynni hafa haft meðan hann lifði, af þessum aðalsmanni andans, sem ekki er ósennilegt, að mundi, við nokkru ríflægri ástæður, hafa getað orðið mjög merkilegt söguskáld. En því minnst ég nú á þessa bók hér, að þar er kafli, sem mjög kemur við mína „sérgrein“, lífið á stjórnunum og samband vort hér á jörðu í þá átt; og þessu nátengda „sérviðleitni“ mína á að koma sálfræðinni meir í náttúrufræðihorfið.

II

Guðmundur segir svo í ævisögu sinni, s. 36—37: „Ég ímyndaði mér, þegar ég var 8—10 ára eða fyrr, að álfa mikil lægi NV. í Atlantshafinu“ og „að í álfu þessari væru mörg stór lönd og enn fleiri smærri eyjar Í löndum þessum voru steinar, jurtir og dýr, líkt og gerist í heiminum. En þar voru líka seinar með fegurstu blómlitum utaná. Þeir lifðu, léku og sungu ... Sín þjóð var þar í landi hverju, voru sumar kristnar en sumar ekki. Sumar sköruðu framúr í andlegu, líkt og Ísraelsmenn, og sömdu t. d. sálma og orðskviði, og *las ég þá oft upp úr með sjálfum mér, mynduðust þeir ósjálfrátt í huga mínum, eins og lýsingar og sögur landa þessara.* (Leturbreyting hér gerð. H. P.). Sögur þær urðu mér eins og mannkynssaga útaf fyrir sig, og lét ég oftast litla og göfuga þjóð verja sig vasklega móti grimmum stórþjóðum og sigra. Og ég samdi ýms ævintýri um kynjaverur þar, t. d. sögur um undraflugur, hvað þá sumt annað ... Eitt af löndum álfa þessarar var Íslandi næst, en stærra en það, og með

hærri og stærri fjöllum, og eins stærri gróðri og færri eyðimörkum og fastara bergi; allt var þar fullkomnara. Fólkið þar var fleira og heldur öflugra og göfugra. Kapparnir ennþá meiri en Egill, Gunnar og Grettir, og bjó ég til margar sögur um þá. Samtíðarfólkið þar var meira en fólkið sem ég þekkti. Piltarnir þar margfalt glímnari og sterkari. Og einn þeirra bar af öllum, kunni ekki að hræðast, varði sekan bróður sinn móti yfirvöldunum, lét aldrei undan neinum, var greindur, fríður, drenglyndur.“ (Sbr. Tarzan!).

III

Oss er í þessu sem ég hefi þarna tilfært, mjög skemmtilega sýnd uppsprettan í huga skáldsins, sjálft uppgönguaugað, skáldæðin. Minnst ég þess, að ég hefi séð nokkuð líkt haft eftir Balzac, sem talinn hefir verið í röð allra fremstu sögu-skálda; hann sér í huga sér það Frakkland, sem hann er að lýsa í sögum sínum, þekkir vel sumar götur í bænum, og sér fólkið ganga þar út og inn. En það sem um er að ræða, er samband við aðra jarðstjörnu, sama eðlis, og það sem allir fá í draumi. Guðmundur Hjaltason hefir á barnsaldri mjög glögg samband við jarðstjörnu, sem líkist vorri jörð, og þar sem að vísu er land sem líkist Íslandi, en meiri kostum búið. Og það er líklegra heldur en hitt, að Guðmundur hafi að nokkru leyti kannast við sig, þegar yfirum kom, og heimkynni hans þá einmitt orðið á þessu stórkostlega Íslandi, sem hann sá í huga sér á barnsaldri, en tapaði síðan að mestu leyti sambandi við. (Sbr. það sem hér áður er ritað um W. T. Stead). Og vill svo verða vanalega, að meira er um slíkt samband á barnsaldri. En hjá fuglum kemst þesskonar hugsýn eða innri sjón, á miklu hærra stig en hjá mönnum getur orðið, á þrengra sviði þó, og mest af því sem vér nefnum hugsun, vantar. Þeir menn sem að hugsýn helst líkjast fuglunum, eru hin miklu rómanaskáld, og verður þar í fremstu röð að nefna Alexander Dumas, sem átti til svert-ingja að telja. Má þar minna á, að Swedenborg segir að „hin innri sjón Suðurálfumanna“ (*Visus interior Africanorum*) sé meiri en hvíttra manna. Ekki mun þó slíku ætterni vera til

að dreifa um Edgar Rice Burroughs, sem ég hefi svo miklar mætur á, af því að hann hefir skrifað nokkrar (tiltakanlega góðar) sögur frá öðrum jarðstjörnum. Má þar stundum skemmtilega sjá, hvað það er sem skáldið hefir „séð“, og fengið handanað fyrir sambandsástand, og svo hvað hinsvegar eru hans eigin ágiskanir, hugleiðingar og tilbúningur. Eins og t. d. einhversstaðar þar sem hann segir frá því, að einhverjir fara upp hamra, sem virðast með öllu ókleifir, en skýrir þetta seinna með stigum og stigum. Og tel ég vafalítið, að sú skýring sé röng. Ég hefi einhverntíma í draumi séð nákvæmlega samskonar ferðalag upp bratta kletta og Rice Burroughs lýsir, og þóttist ég glöggst sjá, að þar var ekki um neinn stiga eða stíga að ræða, heldur hæfileikann til að takast á loft, og svífa upp fyrir klettabrúnirnar, sem með öllu var ókleift uppá.

Hjá frægum söguskáldum (rómanahöfundum) virðist þetta sem menn af talsverðu skilningsleysi kalla ímyndunar-afl, heldur fara vaxandi með aldrinum, í stað þess að þverra, eins og vanalega, þegar komið er af barnsaldri. Kemur þar til greina stillilögmálið, og aflsvæði það, sem hinir mörgu dásamandi lesendur skapa höfundinum. En því miður var engu slíku að heilsa, þar sem Guðmundur Hjaltason átti í hlut, og þessi barnshæfileiki hans, sem hann segir svo skemmtilega frá, hefir því ekki náð að þroskast.

IV

Sögur frá stjörnunum, sem þá jafnframt oft og að miklu leyti, er sögur af lífi eftir dauða, munu verða mikill og merkilegur þáttur í framtíðarbókmenntum mannkynsins. Og að vísu munu þær bækur verða lesnar af meiri (og betri) áhuga en jafnvel þær skáldsögur nú, sem æsilegast eru meðteknar, og verða þó sannari sögur heldur en þær sem nú verða til fyrir ófullkomið samband jafnvel þeirra, sem helst eru skáld, og þar sem þó ekki síður hefir verið til бага, að einungis hefir verið um að ræða ónógan eða öllu heldur alls engan skilning á því, hvaðan skáldunum kom innblásturinn og söguefnið.